



Alþingi
Erindi nr. P 141/1881
komudagur 6.3.2013

Reykjavík, 6. mars 2013

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Efni: Athugasemdir Olíuverzlunar Íslands hf. við frumvarp til laga um endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum á landi – mál 605

Olíuverzlun Íslands hf. hefur umhverfisvernd að leiðarljósi og félagið uppfyllir nú þegar allar kröfur frumvarpsins varðandi hlut endurnýjanlegra orkugjafa í diesel og gott betur. Félagið blandar þegar hátt í 10% af endurnýjanlegu eldsneyti í allt diesel sem dreift er frá höfuðborgarsvæðinu og Akureyri og minnkar þannig útblástur gróðurhúsalofttegunda vegna dieselsölu félagsins á landsvísu um 5%. Þá hefur áður komið fram að félagið mun á árinu koma upp aðstöðu til að selja metan á höfuðborgarsvæðinu. Félagið telur sig einnig hafa lausnir til að uppfylla skilyrði varðandi blöndun í bensíni.

Félagið leggur til að gert verði skýrara í frumvarpinu að krafan um blöndun, á við heildarsölu hvers söluaðila eldsneytis á öllu landinu yfir árið, en blöndun getur verið breytileg á milli svæða og tímabila. Það er komið inn á þetta í skýringum á blaðsíðu 7, en mætti vera skýrara að mati félagsins. Samkvæmt bestu upplýsingum sem félagið hefur aflað sér, er þessi aðferð viðhöfð í okkar nágrannalöndum .

Að öðru leyti hefur félagið ekki frekari athugasemdir við frumvarpið, en fagnar frumvarpinu.

Virðingarfyllt,
Olíuverzlun Íslands hf.

Einar Benediktsson,
forstjóri